

Sp. 29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

varðandi búfjártryggingar, tryggingar gegn uppskerubresti o. fl.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Gísli Guðmundsson, Ágúst Þorvaldsson, Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar, að skipuð skuli fimm manna milliþinganefnd til þess að endurskoða lög nr. 20 1943, um búfjártryggingar, svo og lög nr. 8 14. febr. 1961, um Bjargráðasjóð Íslands, og miðist endurskoðunin fyrst og fremst við rækilega athugun möguleika á því að koma á fót tryggingum gegn uppskerubresti og öðrum áföllum í landbúnaði, með hliðsjón af aflatryggingasjóði sjávarútvegsins.

Skipun nefndarinnar fer þannig fram, að sameinað Alþingi kýs með hlutbundinni kosningu þrjá menn í nefndina, en Búnaðarfélag Íslands tilnefnir einn manninn og Stéttarsamband bænda annan. Nefndin kýs sér formann.

Nefndin skili álit og tillögum svo fljótt sem henni er unnt.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta Alþingi, en dagaði uppi. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með tillögu þessari til þingsályktunar er Alþingi ætlað að hafa frumkvæði um endurskoðun laganna um búfjártryggingar og laganna um Bjargráðasjóð Íslands, og að leitazt verði við að byggja upp á grundvelli þessara laga allsherjar trygg-

ingastofnun fyrir elzta atvinnuveg þjóðarinnar, landbúnaðinn, þar sem bótagreiðslur kæmu til bændna, ef þeir yrðu fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara, uppskerubrests vegna kals í túnnum, óþurrka eða grasleysis, enn fremur vegna vanhalds í búpeningi.

Íslendingar munu hafa verið einna fyrstir þjóða til þess að stofna eins konar búfjártryggingar. Á því tímabili í sögu þjóðarinnar, sem nefnt er þjóðveldistímabilið, voru hreppsfélögin eins konar tryggingafélög. En reglurnar voru þær í sambandi við tjón á búfé, að ef bóndi missti $\frac{1}{4}$ hluta af einhverri búfjartegund sinni eða þar yfir, þá skyldu aðrir bændur í þeim hreppi bæta honum hálfan skaðann. Þetta var einn þáttur af fleirum, sem hin forna hreppaskipan gerði búendur samþýrga um, að bæta þeim skaðann, er urðu fyrir stórfelldum óhöppum.

Um margar aldir mun slík starfsemi hafa fallið niður hér á landi. Það er ekki fyrir en á þessari öld, að aftur er hafizt handa um samþjálþ, þegar náttúruhamfarir eða stórskaðar verða á vissum svæðum eða sveitarfélögum, en það var með stofnun Bjargráðasjóðs Íslands 1913.

Árið 1928 beitti þáverandi forsætis- og atvinnumálaráðherra, Tryggvi Þórhalls-son, sér fyrir setningu laga um búfjártryggingar. Þau lög voru síðan endurskoðuð árið 1943 og aftur 1952 og þá nokkuð breytt. Samkv. búfjártryggingalögum er ekki skylt að tryggja búfé nema kynbótagripi, sem notaðir eru í kynbótafélögum, en hins vegar er heimilt að tryggja þar einstaka gripi, sem fengið hafa verðlaun á sýningum, og heil kúabú og sauðfjárþú gegn vanhöldum og slysum, er nema meira en 5% á ári.

Á árunum 1952, 1953 og 1954 greiddi ríkissjóður í búfjártryggingasjóð 100 þús. kr. á ári, alls 300 þús. kr.

Á fjárlögum yfirstandandi árs eru 160 þús. kr. til búfjártrygginga. Er sú þátttaka ríkisins allt of lítil, miðað við verðlag og gildi peninga nú. Bændum þykja iðgjöld til trygginganna of há, og nota þeir því lítið heimild laganna um að tryggja bústofn sinn. Af þessum ástæðum héra búfjártryggingarnar sig illa og efnahagur þeirra er bágur.

Fyrir nokkrum árum var frv. til búfjártryggingalaga til meðferðar á búnaðarþingi. Málið var sent búnaðarsamböndunum til athugunar, en þau létu fara fram skoðanakönnun meðal bændna í búnaðarfélagunum um það, hvort þeir vildu skyldu-tryggingu á búfé. Það kom í ljós, að mjög fá búnaðarfélag óskuðu eftir slíku og voru mörg einnig á móti heimildarlögum um búfjártryggingar.

Þessi niðurstaða mun hafa verið sprottin af ötta bændanna við að bæta á sig nýjum útgjöldum. Eðlilegt er, að bændur óttist ný útgjöld. En þeir, sem verða fyrir áföllum, annaðhvort af völdum mikilla vanhalds í búfé eða af völdum óhagstæðs tíðarfars eða náttúruhamfara, biða oft tjón, sem þeir fá ekki bætt, nema þeir hafi verið tryggðir fyrir slíku.

Það er auðvitað einnig hagsmunamál þjóðarinnar allrar, að menn þurfi ekki að flosna upp frá starfi sínu og verða ef til vill óreigar, ef óhöpp koma fyrir. Þess vegna er eðlilegt, að þjóðarheildin styðji með fjárframlögum af sameiginlegu fé ríkisins tryggingar, sem stofnaðar eru til öryggis afkomu þeirra, er eiga lífsþjörg sína að sækja í skaut náttúrunnar.

Sjávarútvegurinn, sem er einn höfuðatvinnuvegur Íslendinga, en verður að sækja afla sinn í greipar ægis og sæta bæði óstöðugri veðráttu og ótryggum fiskgöngum, hefur með stuðningi ríkisins tryggt sig að verulegu leyti vegna áfalla af aflabresti. Er það vissulega þjóðarnauðsyn. Við undirbúning að allsherjar tryggingastofnun fyrir landbúnaðinn væri eðlilegt að hafa hliðsjón af fyrirkomulagi þessara mála hjá sjávarútveginum.

Við endurskoðun laga þeirra, er tillagan gerir ráð fyrir, og við undirbúning að nýrri lögjöv um allsherjar tryggingar fyrir landbúnaðinn er sjálfsagt, að fulltrúar bændna eigi hlut að, og þess vegna er gert ráð fyrir því, að helztu félagssamtök þeirra tilnefni sinn manninn hvor í nefndina.“